

B 100.000 kr., í undirflokki C 10.000 kr. og í undirflokki D 1 kr. Vextir í 1., 2. og 3. flokki 1996 eru 4,75% á ári. Lánstími bréfa í 1. flokki skal vera 15 ár, í 2. flokki 25 ár og í 3. flokki 40 ár.

Bréf í undirflokki D í 2. flokki 1996 skulu vera rafrænt eignarskráð hjá Verðbréfa-skráningu Íslands hf. og skulu notuð í skiptum fyrir bréf úr undirflokkum A, B og C í 2. flokki 1996 við rafræna eignarskráningu þeirra. Við skiptin skal skrá jafn margar einingar af undirflokki D og sem nemur nafnverði þeirra húsbréfa í undirflokki A, B og/eða C sem afhent eru til rafrænnar eignarskráningar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 29. og 52. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál og I. ákvæði til bráðabirgða þeirra laga. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. október 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

21. september 2001

Nr. 745

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Búðahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í Búðahreppi, sbr. 2. gr. stafl. b samþykktar um hunda- og kattahald í Búðahreppi, nr. 541/1999, er 7.750 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Handsömunargjald, sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera 3.000 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 6.000 kr. ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í Búðahreppi sbr. 8. gr. stafl. b samþykktar um hunda- og kattahald í Búðahreppi er 5.850 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Búðahrepps staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að taka gildi nú þegar.

Gjaldskráin var samþykkt í tveim umræðum í sveitarstjórn Búðahrepps, þann 10. júlí 2001 og 13. september 2001.

Fáskrúðsfirði, 21. september 2001.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.